

HVAR ERU RÍKISSTÖRFIN?

Fjöldi ríkisstarfa 31.12.2025



Þróunarsvið, 7. september 2026
Þorkell Stefánsson



Helstu niðurstöður

- Stöðugildi á vegum ríkisins voru 29.139 við áramót 2025/2026. Töluvert hefur dregið úr fjölgun ríkisstöðugilda; á árinu 2025 fjölgaði þeim um 103 eða 0,4% sem er mun minna en undanfarin ár.
- Flest stöðugildi á vegum ríkisins eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu, enda er meirihluti landsmanna búsettur þar. Hins vegar er hlutfall stöðugilda á höfuðborgarsvæðinu (70%) hærra en hlutfall landsmanna sem þar býr (64%).
- Mjög dró þó úr fjölgun stöðugilda á höfuðborgarsvæðinu árið 2025. Þar fjölgaði stöðugildum aðeins um 15 eða 0,1%, samanborið við 491 árið áður. Fjölgun ríkisstöðugilda varð því að stærstum hluta utan höfuðborgarsvæðisins, einkum á Suðurlandi og Norðurlandi eystra.
- Mest fjölgun stöðugilda árið 2025 varð í Sveitarfélaginu Árborg (74 – m.a. vegna Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Lögreglunnar á Suðurlandi) og í Akureyrarbæ (53 – m.a. vegna Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, Sjúkrahússins á Akureyri og Verkmenntaskólans á Akureyri). Einnig fjölgaði stöðugildum talsvert í Kópavogsbæ, Garðabæ og Reykjanesbæ.
- Stöðugildum fækkaði mikið í Suðurnesjabæ og skýrist það helst af breytingum á rekstri fríhafnarverslana á Keflavíkurflugvelli. Töluverð fækkun stöðugilda varð einnig í Hafnarfjarðarkaupstað, m.a. vegna flutninga Matvælastofnunar til Reykjavíkur og fækkunar stöðugilda hjá Hafrannsóknarstofnun.
- Um 46% stöðugilda á vegum ríkisins heyra undir málaflokka heilbrigðisráðuneytisins, eða yfir 13.000 stöðugildi. Þeirra á meðal eru ríflega fimm þúsund stöðugildi vegna Landspítalans og mikill fjöldi starfa hjá heilbrigðisstofnunum og hjúkrunar- og dvalarheimilum. Mörg stöðugildi eru einnig vegna málaflokka háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis (10%), mennta- og barnamálaráðuneytis (9%), dómsmálaráðuneytis (9%) og innviðaráðuneytis (9%).

Fyrirvari og aðrar upplýsingar

Byggaðastofnun hefur frá áramótum 2013/2014 gert árlega könnun á staðsetningu starfa á vegum ríkisins. Með störfum á vegum ríkisins er átt við stöðugildi greidd af Fjársýslunni, stöðugildi hjá opinberum hlutafélögum og stofnunum og stöðugildi á stofnunum sem hafa meirihluta rekstrartekna sinna af fjárlögum. Starfsfólk banka í ríkiseigu er ekki talið með í greiningunni. Þá eru verktakar ekki taldir með heldur aðeins launafólk.

Fyrir liggja nú tölur um fjölda stöðugilda karla og kvenna við áramót 2025/2026. Starfsfólk er mun fleira en stöðugildin en hér eru upplýsingarnar settar fram sem fjöldi stöðugilda. Þá er miðað við hvar störfín eru unnin, en ekki hvar viðkomandi starfsmaður býr. Í töflum er fjöldi stöðugilda námundaður við næstu heilu tölu og því er heildartala í töflum ekki í öllum tilvikum sú sama og fæst með því að leggja saman gildi allra lína. Frekari tölulegar upplýsingar má finna í [mælaborði sem kemur út samhliða þessari skýrslu](#).

Mikið er lagt upp úr því að hafa gögnin sambærileg á milli ára. Því fer gagnaöflun fram með skipulögðum hætti og drjúgum tíma er varið í að rýna gögnin. Þó ber þess að geta að enn gætu leynst villur í gögnunum og fögnum við öllum ábendingum um það sem betur má fara. Gögn eru uppfærð aftur í tímann eftir því sem tilefni er til. Frekari upplýsingar veitir Þorkell Stefánsson, sérfræðingur á þróunarsviði í síma 455-5400 eða í tölvupósti, thorkell@byggdastofnun.is.

Landið allt

Í töflu 1 má sjá heildarfjölda stöðugilda 2015-2025. Stöðugildum hefur alltaf fjölgað á milli ára en þó mest árið 2021, m.a. vegna sóttkvíar starfsfólks í heilbrigðisgeiranum. Árin 2022 og 2023 fjölgaði stöðugildum um u.þ.b. 800 á ári, en árið 2024 fjölgaði þeim um rúmlega 500. Árið 2025 fjölgaði stöðugildum á vegum ríkisins um 103, eða 0,4%. Þann 31. desember 2025 var heildarfjöldi stöðugilda 29.139, þar af voru 18.871 skipað af konum og 10.268 af körlum. Hlutfall stöðugilda kvenna hefur hækkað frá áramótum 2015/2016 úr 63% í um 65% við áramót 2025/2026. Mest fjölgun stöðugilda hjá stökum aðilum árið 2025 var hjá Landspítala, en þar næst hjá aðilum á borð við Hrafnistu, Heilbrigðisstofnunum Suðurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Landsvirkjun. Mest fækkun var hins vegar hjá Isavia¹, Háskóla Íslands, Íslandspósti og ÁTVR.

Tafla 1. Fjöldi stöðugilda frá áramótum 2015/2016.

Dagsetning	Stöðugildi kvenna	Stöðugildi karla	Samtals stöðugildi	Breyting milli ára
31.12.2015	14.620	8.554	23.174	+371 (+1,6%)
31.12.2016	15.053	8.685	23.738	+564 (+2,4%)
31.12.2017	15.520	8.888	24.409	+671 (+2,8%)
31.12.2018	15.862	9.021	24.883	+475 (+1,9%)
31.12.2019	16.007	9.196	25.203	+319 (+1,3%)
31.12.2020	16.462	9.125	25.586	+383 (+1,5%)
31.12.2021	17.369	9.561	26.930	+1344 (+5,3%)
31.12.2022	18.022	9.665	27.687	+757 (+2,8%)
31.12.2023	18.444	10.059	28.503	+816 (+2,9%)
31.12.2024	18.795	10.241	29.036	+533 (+1,9%)
31.12.2025	18.871	10.268	29.139	+103 (+0,4%)

¹ Fækkunin er að stórum hluta vegna breytts fyrirkomulags á rekstri fríhafnarverslana á Keflavíkurflugvelli.

Flokkun stöðugildanna 29.139 með hliðsjón af forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta, nr. 6/2022² má sjá í töflu 2. Stöðugildi hjá stofnunum sem hér flokkast undir yfirstjórn ríkisins, eru 308. Þar af eru flest vegna Alþingis og ríkisstjórnar og önnur vegna Ríkisendurskoðunar, umboðsmanns Alþingis og embættis forseta Íslands. Um 46% stöðugilda ríkisins heyra undir heilbrigðisráðuneytið eða 13.375. Þar af eru ríflega fimm þúsund vegna Landspítala og mikill fjöldi stöðugilda vegna hjúkrunarheimila, heilsugæslu og heilbrigðisstofnana. Um 10% stöðugilda heyra undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti eða 2.881. Stærstur hluti þeirra er vegna háskólanna og þar er Háskóli Íslands veigamestur með um 1.600 stöðugildi, en Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Akureyri hafa samanlagt rúmlega 600 stöðugildi.

Alls tilheyra 2.534 stöðugildi mennta- og barnamálaráðuneytinu, eða 9%, en það eru fyrst og fremst störf í framhaldsskólum landsins. Dómsmálaráðuneytinu tilheyra 2.495 stöðugildi eða 9%. Flest þeirra eru hjá lögreglu- og sýslumannsembættum og nokkur hluti hjá dómstólum, Landhelgisgæslunni, Þjóðkirkjunni og Fangelsismálastofnun. Um 9% eða 2.487 heyra undir innviðaráðuneytið og þar munar mestu um stöðugildi hjá ISAVIA, Íslandspósti og Vegagerðinni. Með málaflokkum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins teljast 1.262 stöðugildi eða 4%. Þeirra á meðal eru stöðugildi hjá Landsvirkjun, RARIK, Veðurstofu Íslands, Náttúruverndarstofnun og Umhverfis- og orkustofnun. Undir fjármála- og efnahagsráðuneytið heyra 970 stöðugildi eða 3%. Stór hluti þeirra er hjá Skattinum og ÁTVR. Stöðugildi sem heyra undir menningar- og viðskiptaráðuneytið eru 819 eða 3% og eru meðal annars hjá RÚV, Þjóðleikhúsinu, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Landsbókasafninu.

Undir matvælaráðuneytið heyra 662 stöðugildi eða 2% en Hafrannsóknarstofnun, Land og Skógur, Matvælastofnun og Matís eru meðal stofnana sem heyra undir málaflokka þess. Forsætisráðuneytinu fylgja 496 stöðugildi eða 2%, þar af er stór hluti vegna Seðlabanka Íslands og nokkur hluti vegna Hagstofu Íslands. Undir málaflokka félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins flokkast 479 stöðugildi eða 2%, meðal annars vegna Vinnumálastofnunar, Tryggingastofnunar og Vinnueftirlits ríkisins. Utanríkisráðuneytið hefur 370 stöðugildi eða 1%, en þar undir eru aðalskrifstofa ráðuneytisins, sendiráð Íslands, varnarmál, Íslandsstofa o.fl.

² Flokkun eftir ráðuneytum miðast ekki við ráðuneytaskipan 31. desember 2025 heldur við ráðuneytisflokkun í gögnum Fjársýslu ríkisins um stöðugildi 31. desember 2025. Flokkunin byggir almennt á ráðuneytaskipan í forsetaúrskurði nr. 6/2022 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, með síðari breytingum: <https://www.althingi.is/lagas/154c/2022006.html>

Tafla 2. Fjöldi stöðugilda eftir málaflokkum ráðuneyta.

	Stöðugildi kvenna	Stöðugildi karla	Samtals stöðugildi	Hlutfall stöðugilda
Yfirstjórn ríkisins	151	157	308	1,1%
Heilbrigðisráðuneyti	10.920	2.456	13.375	45,9%
Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	1.657	1.224	2.881	9,9%
Mennta- og barnamálaráðuneyti	1.621	913	2.534	8,7%
Dómsmálaráðuneyti	1.146	1.349	2.495	8,6%
Innviðaráðuneyti	897	1.590	2.487	8,5%
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	492	771	1.262	4,3%
Fjármála- og efnahagsráðuneyti	467	503	970	3,3%
Menningar- og viðskiptaráðuneyti	440	379	819	2,8%
Matvælaráðuneyti	322	340	662	2,3%
Forsætisráðuneyti	239	257	496	1,7%
Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	324	155	479	1,6%
Utanríkisráðuneyti	196	175	370	1,3%
Samtals stöðugildi	18.871	10.268	29.139	100,0%

Á höfuðborgarsvæðinu búa 64% landsmanna en þar eru um 70% allra ríkisstarfa unnin (tafla 3). Fjöldi stöðugilda ríkisins samsvarar um 7% af íbúafjölda landsins, eða 11% íbúa á vinnualdri (18-69 ára). Hlutfall stöðugilda af mannfjölda á vinnualdri er hæst á höfuðborgarsvæðinu (12,0%) og næst hæst á Norðurlandi vestra (11,8%) en lægst á Suðurlandi (7,7%). Stöðugildum fjölgaði mest á Suðurlandi eða um 80 milli ára, en þar fjölgaði talsvert hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands og nokkuð hjá Þjóðgarðinum á Þingvöllum og Lögreglunni á Suðurlandi. Næst mesta fjölgunin var á Norðurlandi eystra, en þar varð aukning m.a. hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Verkmenntaskólanum á Akureyri. Þar fyrir utan breyttist heildarfjöldi stöðugilda í landshlutum lítið. Á Suðurnesjum fækkaði stöðugildum að vísu um 73, en það er fyrst og fremst vegna þess að rekstur fríhafnarverslana á Keflavíkurflugvelli færðist til einkaaðila.

Tafla 3. Landshlutaskipting stöðugilda ríkisins.

	Stöðu- gildi kvenna	Stöðu- gildi karla	Samtals stöðu- gildi	Breyting frá 31.12.24	Íbúafjöldi 1. jan 2026	Hlutfall lands- manna	Hlutfall stöðugilda landsins	Hlutfall stöðugilda af íbúafj.	Íbúafjöldi 18-69 ára	Hlutf. stöðug. af íbúafjölda 18-69 ára
Höfuðborgarsvæði	13.271	7.132	20.402	+15 (+0,1%)	251.912	63,9%	70,0%	8,1%	170.413	12,0%
Suðurnes	830	838	1.668	-73 (-4,2%)	29.644	7,5%	5,7%	5,6%	20.919	8,0%
Vesturland	665	286	951	+27 (+2,9%)	17.997	4,6%	3,3%	5,3%	11.632	8,2%
Vestfirðir	310	192	502	-7 (-1,3%)	7.341	1,9%	1,7%	6,8%	4.922	10,2%
Norðurland vestra	366	182	547	-4 (-0,7%)	7.353	1,9%	1,9%	7,4%	4.655	11,8%
Norðurland eystra	1.719	736	2.455	+68 (+2,9%)	32.296	8,2%	8,4%	7,6%	21.215	11,6%
Austurland	438	222	660	-4 (-0,6%)	11.211	2,8%	2,3%	5,9%	7.426	8,9%
Suðurland	1.231	646	1.877	+80 (+4,4%)	36.570	9,3%	6,4%	5,1%	24.371	7,7%
Erlendis	41	35	76	+1 (+1,4%)	-	-	-	-	-	-
Samtals	18.871	10.268	29.139	+103 (+0,4%)	394.324	100%	100%	7,4%	265.553	11,0%

Skipting stöðugilda niður á málaflokka ráðuneytanna er nokkuð mismunandi milli landshluta (mynd 1).

Stöðugildi sem falla undir málaflokka heilbrigðisráðuneytisins eru, eins og áður segir, 46% af stöðugildum á landsvísu en hlutfall þeirra innan landshluta er hæst 56% á Vesturlandi. Hlutfallið er einnig yfir 50% á Austurlandi, Norðurlandi eystra og Suðurlandi. Lægst hlutfall stöðugilda á vegum heilbrigðisráðuneytis er 25% á Suðurnesjum og næst lægst 38% á Norðurlandi vestra.

Stöðugildi sem heyra undir málaflokka háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins eru um 10% allra stöðugilda á landsvísu. Hlutfall þessara stöðugilda er hæst 12%, bæði á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi eystra, en þar næst 10% á Norðurlandi vestra og 7% á Vesturlandi. Í öðrum landshlutum eru stöðugildi vegna málaflokka háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins 1% eða minna af öllum stöðugildum. Stöðugildi sem tilheyra mennta- og barnamálaráðuneytinu eru um 9% stöðugilda landsins og eru flest þeirra vegna starfa í framhaldsskólum. Hæst er hlutfall þeirra 12% á Norðurlandi eystra en lægst 6% á Suðurnesjum og 8% á Vestfjörðum og höfuðborgarsvæðinu.


Stöðugildi sem heyra undir dómsmálaráðuneytið eru um 9% stöðugilda á landsvísu. Á Suðurnesjum eru þau 18% allra stöðugilda og eru aðallega hjá Lögreglunni á Suðurnesjum og Landhelgisgæslunni. Á Suðurlandi er hlutfall stöðugilda sem heyra undir dómsmálaráðuneytið 13%, flest eru þau vegna Fangelsismálastofnunar og Lögreglunnar á Suðurlandi. Hlutfall stöðugilda vegna málaflokka innviðaráðuneytisins er einnig um 9% á landsvísu. Hlutfall þessara stöðugilda er lang hæst á Suðurnesjum eða 46%, fyrst og fremst vegna stöðugilda á vegum ISAVIA og tengdra félaga. Annars staðar utan höfuðborgarsvæðisins er algengt að stöðugildi sem heyra undir ráðuneytið séu vegna Íslandspósts og Vegagerðarinnar.

Mörg stöðugildi á Vestfjörðum, eða 15%, tilheyra málaflokkum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. Ástæða þess eru fyrst og fremst stöðugildi á vegum Orkubús Vestfjarða. Á Austurlandi og Suðurlandi eru 9% stöðugilda vegna málaflokka ráðuneytisins enda er mikill fjöldi stöðugilda hjá Landsvirkjun, RARIK og Náttúruverndarstofnun í báðum landshlutum. Hlutfall stöðugilda sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið er hæst 4% á höfuðborgarsvæðinu og 3% á Suðurnesjum. Flest stöðugildanna eru hjá Skattinum, ÁTVR og Fjársýslu ríkisins. Flest stöðugildi undir menningar- og viðskiptaráðuneytinu eru á höfuðborgarsvæðinu en fá annars staðar, fyrir utan Norðurland eystra þar sem eru nokkur stöðugildi hjá Ferðamálastofu og RÚV.

Stöðugildi sem heyra undir matvælaráðuneytið eru á bilinu 2% til 3% stöðugilda í flestum landshlutum. Á Suðurlandi og Austurlandi er hlutfallið þó talsvert hærra, eða 5%, aðallega vegna stöðugilda hjá Landi og skógi og Matvælastofnun. Á Suðurnesjum eru mjög fá stöðugildi vegna málaflokka matvælaráðuneytis, eða undir 1%.

Norðurland vestra sker sig úr vegna hlutfalls stöðugilda sem heyra undir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið. Þar heyra 6% stöðugilda undir ráðuneytið og er það aðallega vegna stöðugilda á vegum Vinnumálastofnunar.

Öll stöðugildi vegna yfirstjórnar ríkisins eru á höfuðborgarsvæðinu og flest stöðugildi sem heyra undir málaflokka forsætisráðuneytis eru einnig staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Undantekning frá því eru stöðugildi hjá Þjóðgarðinum á Þingvöllum á Suðurlandi. Utanríkisráðuneytið er með nokkur störf annars staðar á landinu en á höfuðborgarsvæðinu, fyrst og fremst eru það stöðugildi hjá Þýðingamiðstöð.



Mynd 1. Skipting stöðugilda ríkisins á málaflokka ráðuneyta í hverjum landshluta.

Höfuðborgarsvæðið

Stöðugildum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 15 eða 0,1% á árinu 2025 (tafla 4). Ríkisstöðugildum í Kópavogsbæ fjölgaði um 50 eða 5,1%, og er það aðallega vegna stækkunar Hrafnistu í Boðarþingi. Í Garðabæ fjölgaði stöðugildum um 46 eða 9,5% og er stór hluti fjölgunarinnar vegna starfsstöðvar nýrrar Náttúruverndarstofnunar, en auk þess fjölgaði m.a. hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Vegagerðinni. Í Mosfellsbæ fjölgaði stöðugildum um 18 eða 6,5% og er það m.a. vegna Barna- og fjölskyldustofu og Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. Í Seltjarnarneskaupstað fjölgaði ríkisstöðugildum um 8 eða 7,5%, mest hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Á hinn bóginn fækkaði stöðugildum í Hafnarfjarðarkaupstað um 87 eða 7,7% milli ára. Mest fækkun stöðugilda þar varð við flutninga starfsstöðvar Matvælastofnunar til Reykjavíkur og vegna fækkunar stöðugilda hjá Hafrannsóknarstofnun. Í Reykjavíkurborg voru stöðugildi við áramót 18 færri en á síðasta ári. Þar fjölgaði töluvert hjá Landspítala og Hrafnistu. Auk þess fjölgaði stöðugildum nokkuð hjá m.a. Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Barna- og fjölskyldustofu og Landsvirkjun. Hins vegar fækkaði reykvískum stöðugildum hjá mörgum aðilum, þeirra á meðal Háskóla Íslands, ÁTVR, Íslandspósti og RARIK. Í Kjósarhreppi fækkaði stöðugildum úr einu niður í núll.

Tafla 4. Stöðugildi á höfuðborgarsvæðinu.

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Garðabær	283	271	263	272	273	293	455	449	479	482	528
Hafnarfjarðarkaupstaður	652	671	659	612	612	797	810	1.012	1.083	1.135	1.048
Kjósarhreppur	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	0
Kópavogsbær	644	787	790	856	982	992	1.018	988	949	980	1.030
Mosfellsbær	304	299	265	270	271	284	291	277	271	278	296
Reykjavíkurborg	14.517	14.673	15.092	15.437	15.596	15.816	16.380	16.562	17.003	17.405	17.387
Seltjarnarnesbær	34	33	51	48	102	99	101	106	110	106	114
Samtals	16.435	16.735	17.121	17.495	17.837	18.282	19.056	19.397	19.896	20.387	20.402

Suðurnes

Á Suðurnesjum fækkaði stöðugildum um 74 eða 4,2% á árinu 2025 (tafla 5). Í Suðurnesjabæ fækkaði stöðugildum um 118, eða 10,8%, milli ára og er það fyrst og fremst vegna breytts fyrirkomulags á rekstri fríhafnarverslana á Keflavíkurflugvelli. Auk þess fækkaði stöðugildum bæði hjá Skattinum og Lögreglunni á Suðurnesjum á Keflavíkurflugvelli. Á móti fjölgaði stöðugildum hjá Landhelgisgæslunni og ISAVIA. Í Reykjanesbæ fjölgaði ríkisstöðugildum um 45 eða 7,0%. Þar munar mestu um fjölgun stöðugilda hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja en auk þess fjölgaði hjá Lögreglunni á Suðurnesjum, Hrafnistu og Sýslumanni Suðurnesja. Hins vegar varð nokkur fækkun hjá Íslandspósti og Vinnumálastofnun í Reykjanesbæ. Fjöldi stöðugilda í Grindavíkurbæ stóð í stað á milli ára og áfram voru engin ríkisstöðugildi í Sveitarfélaginu Vogum.

Tafla 5. Stöðugildi á Suðurnesjum.

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Grindavíkurbær	37	38	40	40	40	40	51	43	43	7	7
Reykjanesbær	479	489	497	497	509	544	578	598	608	645	690
Suðurnesjabær	604	753	896	913	839	645	828	971	1.064	1.090	972
Sveitarfélagið Vogar	1	1	0	0	1	1	0	0	0	0	0
Samtals	1.121	1.281	1.433	1.449	1.389	1.230	1.457	1.612	1.715	1.742	1.668

Vesturland

Á Vesturlandi fjölgaði stöðugildum um 26 eða 2,8% árið 2025 (tafla 6). Á Akranesi fjölgaði stöðugildum um 15 eða 3,4% og er það fyrst og fremst vegna fjölgunar hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Á móti fækkaði stöðugildum á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða. Í Borgarbyggð fjölgaði stöðugildum um 7 á milli ára sem jafngildir 2,9%. Þar fjölgaði stöðugildum m.a. hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og hjúkrunar- og dvalarheimilinu Brákarhlíð en á móti fækkaði m.a. hjá Háskólanum á Bifröst og Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Í Dalabyggð og Snæfellsbæ fjölgaði stöðugildum um fjögur. Í Sveitarfélaginu Stykkishólmi fækkaði stöðugildum aftur á móti um þrjú og eins stöðugildis fækkun varð í Grundarfjarðarbæ. Áfram var fjöldi ríkisstöðugilda núll í Hvalfjarðarsveit og Eyja- og Miklaholtshreppi.

Tafla 6. Stöðugildi á Vesturlandi.

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Akraneskaupstaður	329	346	367	378	382	370	393	409	428	446	461
Borgarbyggð	255	228	225	222	225	228	237	259	246	242	249
Dalabyggð	61	61	60	58	55	51	55	58	55	57	61
Eyja- og Miklaholtshreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Grundarfjarðarbær	49	50	49	49	51	54	55	53	52	52	51
Hvalfjarðarsveit	1	1	1	1	1	1	0	0	0	0	0
Snæfellsbær	38	43	43	42	46	42	43	43	46	39	43
Sveitarfélagið Stykkishólmur	91	87	85	84	83	86	87	88	92	89	86
Samtals	824	816	831	833	843	832	870	909	919	925	951

Vestfirðir

Á Vestfjörðum fækkaði stöðugildum um sex eða 1,2% árið 2025 (tafla 7). Stöðugildum fækkaði um sjö í Ísafjarðarbæ og munar þar mestu um fækkun hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Í Bolungarvíkurkaupstað fækkaði stöðugildum um þrjú, meðal annars hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, og í Vesturbyggð fækkaði stöðugildum um eitt. Í Reykhólahreppi og í Strandabyggð fjölgaði ríkisstöðugildum um tvö. Áfram var eitt stöðugildi í Árneshreppi en engin bæði í Kaldrananeshreppi og Súðavíkurhreppi.

Tafla 7. Stöðugildi á Vestfjörðum.

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Árneshreppur	2	2	2	2	1	1	1	1	1	1	1
Bolungarvíkurkaupstaður	28	27	26	23	22	21	26	24	24	24	21
Ísafjarðarbær	287	312	316	322	318	326	347	359	342	372	365
Kaldrananeshreppur	0	0	0	1	1	1	0	0	0	0	0
Reykhólahreppur	12	13	12	11	12	12	11	11	11	13	15
Strandabyggð	39	41	38	40	40	39	38	40	39	38	40
Súðavíkurhreppur	1	0	0	1	1	0	0	0	0	0	0
Vesturbyggð	53	58	55	54	55	57	58	55	59	61	60
Samtals	420	453	449	454	449	457	481	491	477	508	502

Norðurland vestra

Á Norðurlandi vestra fækkaði um fjögur ríkisstöðugildi árið 2025 eða 0,7% (tafla 8). Mest fækkun varð í Skagafirði eða þrjú stöðugildi. Þar fækkaði stöðugildum m.a. hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Matvælastofnun og Fjölbautarskóla Norðurlands vestra (FNV), en á móti fjölgaði stöðugildum m.a. hjá Háskólanum á Hólum. Í Húnabyggð og Sveitarfélaginu Skagatrönd fækkaði stöðugildum um eitt, en í Húnaþingi vestra fjölgaði um eitt.

Tafla 8. Stöðugildi á Norðurlandi vestra.

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Húnabyggð	95	93	96	98	93	97	98	96	101	108	107
Húnaþing vestra	66	62	63	64	66	65	71	72	80	71	72
Skagafjörður	290	299	299	304	307	324	346	338	341	339	336
Sveitarfélagið Skagatrönd	35	34	35	36	38	43	44	40	39	34	33
Samtals	485	488	494	502	504	528	558	546	561	551	547

Norðurland eystra

Stöðugildum fjölgaði um 68 eða 2,8% á Norðurlandi eystra á árinu 2025 (

tafla 9). Á Akureyri fjölgaði stöðugildum um 53 eða 2,8%. Þar fjölgaði mest hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Verkmenntaskólanum á Akureyri. Í Fjallabyggð fjölgaði ríkisstöðugildum um 8 eða 7,1% og er það m.a. vegna fjölgunar hjá Hjúkrunarheimilinu Hornbrekku og Skattinum. Í Eyjafjarðarsveit fjölgaði stöðugildum um sex eða 37,5% og er það fyrst og fremst hjá Barna- og fjölskyldustofu. Í Dalvíkurbyggð fjölgaði stöðugildum um fimm eða 8,5%, mest hjá Dvalarheimilinu Dalbæ. Í Þingeyjarsveit fjölgaði stöðugildum um tvö og í Grýtubakkahreppi fjölgaði um eitt stöðugildi. Í Norðurþingi fækkaði stöðugildum hins vegar um fimm, m.a. hjá Framhaldsskólanum á Húsavík. Í Langanesbyggð fækkaði stöðugildum um eitt. Í Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppi voru stöðugildi áfram núll.

Tafla 9. Stöðugildi á Norðurlandi eystra.

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Akureyrarbær	1.406	1.444	1.491	1.526	1.542	1.579	1.734	1.771	1.838	1.868	1.921
Dalvíkurbyggð	53	55	53	52	52	52	58	61	63	59	64
Eyjafjarðarsveit	1	1	1	1	1	2	1	14	16	16	22
Fjallabyggð	113	110	111	108	108	110	117	117	121	113	121
Grýtubakkahreppur	9	9	10	12	13	12	14	12	13	13	14
Hörgársveit	2	1	1	1	1	1	0	0	0	0	0
Langanesbyggð	19	20	21	20	20	22	24	27	25	27	26
Norðurþing	199	200	204	206	210	211	224	231	233	214	209
Svalbarðsstrandarhreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Þingeyjarsveit	55	58	71	63	65	62	65	64	72	76	78
Samtals	1.857	1.898	1.963	1.989	2.013	2.051	2.237	2.297	2.380	2.387	2.455

Austurland

Stöðugildum fækkaði um þrjú eða 0,5% á Austurlandi árið 2025 (tafla 10). Í Múlaþingi fækkaði stöðugildum um níu eða 2,7%. Þar fækkaði m.a. hjá Menntaskólanum á Egilsstöðum og Lögreglunni á Austurlandi. Í Fljótsdalshreppi fækkaði um þrjú stöðugildi en þar munar mestu um fækkun stöðugilda hjá Snæfellsstofu sem nú er hluti af Náttúruverndarstofnun. Í Fjarðabyggð fjölgaði aftur á móti ríkisstöðugildum um sex eða 2,2%. Þar er ekki mikil fjölgun hjá einstökum aðilum en meðal þeirra sem eru með fleiri stöðugildi í Fjarðabyggð en áður eru Lögreglan á Austurlandi, Fiskistofa og Vegagerðin. Í Vopnafjarðarhreppi varð eins stöðugildis fjölgun milli ára.

Tafla 10. Stöðugildi á Austurlandi.

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Fjarðabyggð	246	247	233	243	238	235	245	256	263	276	282
Fljótsdalshreppur	15	14	15	15	15	15	16	17	19	20	17
Múlaþing	283	291	300	292	292	300	311	318	341	339	330
Vopnafjarðarhreppur	28	28	28	29	28	29	28	30	30	29	30
Samtals	572	580	575	578	573	578	600	621	653	663	660

Suðurland

Stöðugildum fjölgaði um 79 eða 4,4% á Suðurlandi árið 2025 (tafla 11). Mest fjölgaði stöðugildum í Árborg, eða um 74 stöðugildi sem samsvarar 8,7%. Fjölgunin í Árborg er að stórum hluta tengd Heilbrigðisstofnun Suðurlands, en auk þess fjölgaði m.a. nokkuð hjá Lögreglunni á Suðurlandi. Í Hrunamannahreppi nær fimmfaldaðist fjöldi stöðugilda en þau fóru úr þremur í fjórtán þegar heilsugæsla Uppsveita opnaði á Flúðum. Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fjölgaði ríkisstöðugildum um sjö eða 14,3%, aðallega vegna Landsvirkjunar. Í Mýrdalshreppi fjölgaði um sex stöðugildi sem eru 13,6%, en þar fjölgaði m.a. hjá Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hjallatúni og Náttúruverndarstofnun. Í Bláskógabyggð fjölgaði stöðugildum um fimm eða 7,7%, þrátt fyrir lokun heilsugæslustöðvarinnar í Laugarási. Þar fjölgaði stöðugildum m.a. hjá Þjóðgarðinum á Þingvöllum og Náttúruverndarstofnun. Í Vestmannaeyjabæ fjölgaði stöðugildum um þrjú, í Skaftárhreppi um tvö og í Sveitarfélaginu Ölfusi fjölgaði um eitt stöðugildi.

Í Hveragerðisbæ fækkaði hins vegar stöðugildum um átta eða 3,9%, en þar fækkaði m.a. stöðugildum hjá Ási dvalar- og hjúkrunarheimili og Heilsustofnun NLFÍ. Í Rangárþingi eystra fækkaði stöðugildum um sjö eða 7,4%, m.a. hjá Lögreglunni á Suðurlandi. Stöðugildum í Rangárþingi ytra fækkaði um sex eða 7,1%, m.a. vegna stöðugilda sem voru hjá Umhverfisstofnun. Í Sveitarfélaginu Hornafirði fækkaði ríkisstöðugildum um fjögur, m.a. vegna Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu og í Grímsnes- og Grafningshreppi fækkaði um þrjú. Í Ásahreppi og Flóahreppi voru áfram núll stöðugildi.

Tafla 11. Stöðugildi á Suðurlandi.

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Ásahreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Bláskógabyggð	57	60	69	65	69	53	58	69	62	65	70
Grímsnes- og Grafningshreppur	14	14	15	16	15	14	13	17	17	17	14
Flóahreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hrunamannahreppur	3	2	4	5	4	4	4	4	4	3	14
Hveragerðisbær	185	200	200	197	192	193	208	208	222	206	198
Mýrdalshreppur	34	37	41	41	45	41	42	44	40	44	50
Rangárþing eystra	82	75	74	75	81	88	100	101	100	95	88
Rangárþing ytra	98	98	105	103	99	98	100	99	97	85	79
Skaftárhreppur	28	24	26	28	30	30	27	31	33	34	36
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	40	39	44	56	57	50	47	50	51	49	56
Sveitarfélagið Árborg	589	581	583	599	627	656	677	776	850	852	926
Sveitarfélagið Hornafjörður	101	108	127	129	126	140	135	141	148	141	137
Sveitarfélagið Ölfus	19	19	20	22	20	20	19	21	20	18	19
Vestmannaeyjabær	158	168	168	180	166	175	179	187	195	188	191
Samtals	1.406	1.426	1.474	1.517	1.531	1.563	1.610	1.748	1.839	1.798	1.877

Erlendis

Stöðugildi sem unnin eru erlendis á vegum íslenska ríkisins voru 76 í árslok 2025 og hafði þá fjölgað um eitt milli ára. Flest stöðugildin erlendis eru í sendiráðum Íslands og nokkur hluti vegna alþjóðlegrar þróunarsamvinnu.